

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Ár 2016, föstudaginn 15. janúar, var haldinn 152. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Líndal Haraldsson og Haraldur Sverrisson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri Anton B. Markússon, lögmaður SHS, sat fundinn undir fyrsta lið.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Frítökuréttur
Slökkviliðsstjóri og lögmaður SHS, Anton B. Markússon, kynntu stjórn SHS álitafni um ávinnslu frítökuréttar starfsmanna. Jafnframt kynnti slökkviliðsstjóri fyrir stjórn fyrirbyggjandi hugmyndir að lausnum.

Afgreiðsla: Stjórn SHS samþykkir að veita slökkviliðsstjóra umboð til að ljúka viðræðum og gerð samkomulags um ávinnslu frítökuréttur starfsmanna, enda byggi niðurstaða máls á efni, forsendum og skilyrðum sem slökkviliðsstjóri og lögmaður SHS hafa kynnt stjórn samkvæmt því sem að framan greinir.

2. Önnur mál
Engin önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 18. febrúar 2016.

Fundi slitið klukkan 10:00

Dagur B. Eggertsson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Fylgiskjöl:

- Starfsreglur stjórnar SHS, dags. 15. janúar 2016.